



MAT Á UMBÓTAÁÆTLUN VEGNA YTRA MATS

Njarðvíkurskóli, vor 2022

Upplýsingar varðandi vinnu við umbótaáætlun:

Umbótaáætlun var unnin í framhaldi af ytra mati Menntamálastofnunar fyrir Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Reykjanesbæ haustið 2019. Við ytra matið voru teknir fyrir þrjú fyrirfram ákveðnir matsþættir, stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla og innra mat. Auk þess völdu stjórnendur Njarðvíkurskóla fjórða þáttinn til mats, nám án aðgreiningar. Umbótaáætlunina unnu stjórnendur skólans; Ásgerður Þorgeirsdóttir og Guðný Björg Karlsdóttir en auk þeirra komu að vinnunni deildastjórar Njarðvíkurskóla, Helena Rafnsdóttir og Rafn Markús Vilbergsson sem og Heiða Ingólfssdóttir sérkennari og Kristín Blöndal deildarstjóri í Ösp. Umbótaáætlun er byggð á skýrslu Ingibjargar Ingu Guðmundsdóttur og Sædísar Óskar Harðardóttur. Í skýrslunni eru dregnir fram styrkleikar í starfi skólans og sett fram tækifæri til umbóta sem fjallað er um í þessari áætlun. Umbótaáætlunin er sett upp í töfluformi ásamt tímaramma og ábyrgðaraðilum og eru tillögurnar til úrbóta settar fram í sömu röð og þær koma fyrir í skýrslunni. Starfsfólk Njarðvíkurskóla þakkar matsaðilum gott samstarf og mun úttekt þeirra á skólastarfi gera gott skólastarf í Njarðvíkurskóla enn betra.

Upplýsingar varðandi lokamat á umbótaáætlun:

Til að vinna að umbótum vegna ytra mats þá fengum við leiðsögn frá Bergþóru Þórhallsdóttur kennsluráðgjafa í Kópavogi til að vinna með okkur að ýmsum þáttum varðandi kennsluhætti, aðlögun í námi og markmiðsetningu. Sú leiðsögn nýttist vel í áframhaldandi vinnu við námsáætlanir og bekkjarnámskrár.

Vinna við umbótaáætlun vegna ytra mats hélt áfram skólaárið 2021-2022 og sérstaklega horft til þeirra þátta sem ekki náðist að ljúka vegna áhrifa af Covid. Sú vinna tókst vel og var að mestu leyti unnin í kennarateymum á hverju stigi.

Við höfum fengið góðan stuðning frá Reykjanesbæ og starfsmönnum fræðsluskrifstofu til að vinna að umbótum. Skipulagssvið bæjarins brást vel við erindi okkar með því að setja lausa kennslustofu við skólann og auk þess fengum við fjármagn til að útbúa almenna kennslustofu í tölvuveri skólans og til innkaupa á færanlegum tölvuvagni. Öll aðstaða í skólanum breyttist til hins betra með þessum úrbótum sem og ný og endurbætt starfsmannaaðstaða. Slíkar framkvæmdir styðja okkur og gefa meiri möguleika á teymisvinnu og fjölbreytni í skólastarfi.

Mat á umbótaáætlun var unnið að stjórnendum skólans. Áður en það var sent frá okkur var það kynnt fagaðilum skólans á kennarafundi.

Ásgerður Þorgeirsdóttir, skólastjóri Njarðvíkurskóla
Guðný Björg Karlsdóttir, aðstoðarskólastjóri Njarðvíkurskóla

Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu ¹	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst/áætluð lok	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig	Mat á umbótaáætlun
<u>Svið I - Stjórnun og fagleg forysta²</u>					
Setja fram sýnilega heilsustefnu fyrir starfsmenn skólans og framfylgja henni.	Skólinn fór af stað með verkefnið Heilsueflandi samfélag skólaárið 2020-2021 í samvinnu við lýðheilsufulltrúa Reykjanesbæjar. Teymi var myndað til að framfylgja verkefninu. Eitt af verkefnum var að setja fram heilsustefnu skólans.	Hófst ágúst 2020 – lauk vorið 2021.	Skólastjórnendur og heilsu- og forvarnarteymi skólans í samvinnu við lýðheilsufulltrúa Reykjanesbæjar.	Vor 2021 Birting og kynning, Metið lokið. Í lok hvers skólaárs er verkefnið metið af heilsu- og forvarnarteymi skólans.	Innleiðing á heilsueflandi samfélag hófst haust 2020. Teymi vann að innleiðingunni í samvinnu við teymi annarra skóla í RNB. Kynnt fyrir skólasamfélaginu haust 2021. Verkefnið komið í fulla framkvæmd.
Tryggja að nemendafulltrúar í skólaráði sitji í ráðinu til tveggja ára.	Unnið í samvinnu við nemendaráð skólans. Fyrirkomulagi breytt þannig að nemandi úr 9. og 10. bekk sitja í skólaráði. Kosinn nemandi í 9. bekk í skólaráð sem situr þá líka næsta skólaár.	Hófst janúar 2020 – lauk september 2020.	Skólastjóri og umsjónarmaður félagsstarfa.	Vor 2021 Metið lokið.	Breytt að hausti 2020, komið í framkvæmd.
Fylgja því eftir að skólaráðið haldi opinn fund fyrir skólasamfélagið eins og reglugerð nr.1157/2008 kveður á um.	Rætt í skólaráði um útfærslu og framkvæmd hófst að hausti 2020. Skólaþing haust 2022 komið í undirbúning. Stefnt að halda árlega hér eftir.	Hófst vorið 2020 – lauk haustið 2022.	Skólastjóri og skólaráð.	Haust 2022 Metið lokið/ólakið.	Framkvæmt skólaárið haust 2022.

Huga að, markvissum möguleikum á handleiðslu fyrir starfsmenn.	Unnið í samvinnu við starfsmenn skólans og Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar. Sótt var um styrk í endurmenntunarsjóð grunnskóla fyrir skólaárið 2022-2023 fyrir verkefnið „Faghandleiðsla-stuðningur og hagnýt úrræði fyrir ólíka nemendur“ í umsjón Kristínar Lillendahl um ráðgjöf og handleiðslu til kennara.	Hófst haustið 2022 og komið i fulla framkvæmd vorið 2023.	Skólastjórnendur.	Vor 2023 Metið lokið.	Mat á verkefninu lagt fyrir kennara í lok skólaárs.
Gera starfslýsingar fyrir alla starfsmenn og birta á einum stað.	Starfslýsingar voru til, yfirfarnar og birtar í Skólanámskrá – Starfsáætlun.	Hófst haustið 2020 – lauk haustið 2020.	Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri.	Haust 2020 Metið lokið.	Lokið. Starfslýsingar eru í starfsáætlun.
Sjá til þess að foreldrafélag og nemendafélag setji sér starfsáætlun.	Umsjónarmaður félagsstarfa og formaður foreldrafélagsins sjá um að starfsáætlun sé gerð.	Hófst vorið 2020 – lauk haustið 2020.	Skólastjóri, umsjónarmaður félagsstarfa og formaður foreldrafélagsins.	Haust 2020 Birting og kynning, metið lokið.	Tilbúið fyrir foreldrafélagið og nemendafélagið, sett á heimasíðu skólans og í starfsáætlun.

Umbótapáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst/áætluð lok	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig	Mat á umbótaáætlun
Svið II – Nám og kennsla					
Koma þarf fram í bekkjarnámskrám og kennsluáætlunum hvernig námsaðlögun er háttað.	Atriði er varða námsaðlögun eru komin inn í allar bekkjarnámskrár og kennsluáætlanir sem eru unnar að hausti.	Hófst haustið 2020 – lauk haustið 2021.	Skólastjórnendur og kennarar.	Vor 2021 Metið lokið.	Farið af stað með leiðsögn frá Bergþóru Þórhallsdóttur kennsluráðgjafa um útfærslu sem var síðan aðlöguð í samráði við kennarahópa á mismunandi stigum og sett inn í bekkjarnámskrár að hausti 2021. Komið í framkvæmd.
Virða virkan námstíma nemenda þannig að skerðing verði ekki á kennslustundum í tengslum við íþrótt- og sundtíma.	Gerðar voru tillögur að útfærslu á breytingum á stundaskrá til að ekki yrði skerðing á kennslustundum vegna íþrótt- og sundtíma.	Hófst vorið 2020.	Skólastjórnendur.	Vor 2021 Metið ólokið.	Ekki tókst að breyta stundaskrá vegna takmörkunar á fjölda tíma fyrir íþróttir í Íþróttahúsi sem skólinn hefur til afnota.
Stuðningur mætti vera fjölbreyttari og fara meira fram í námshópi nemandans.	Boðið var upp á fræðslu fyrir starfsmenn skóla sem sinna stuðningi með það að markmiði að efla þá í starfi og gera stuðning markvissari. Skipulögð voru stuðningsúrræði nemenda þar sem því var komið við þannig að sá stuðningur fari meira fram í námshópi nemenda.	Hófst haustið 2020 – lauk vorið 2021.	Skólastjórnendur og verkefnastjóri sérkennslu.	Vor 2021 Metið lokið.	Stuðningsfulltrúar fengu námskeið á starfsdögum að hausti 2020 og hafa unnið meira eftir leiðsögn kennara og sérkennara.

Skrá markmið kennslustunda og verkefna í kennsluáætlanir og gera nemendum grein fyrir þeim markmiðum.	Lögð var áhersla á að kennarar hafi það verklag að markmið kennslustunda og verkefna séu í kennsluáætlun og nemendum séu kynnt markmið í upphafi kennslustunda/verkefna. Leiðir ræddar á kaffihúsafundi starfsmanna.	Hófst vorið 2020 – lauk vorið 2021.	Skólastjórnendur og kennarar.	Vor 2021 metið lokið. Rætt í starfsmannasamtölum og horft til í kennsluheimsóknum stjórnenda.	Farið af stað með leiðsögn frá Bergþóru Þórhallsdóttur kennsluráðgjafa um útfærslu sem tókst ekki að innleiða, unnið að öðrum leiðum í samráði við kennarahópa. Komið í framkvæmd og unnið markvisst í vinnu við kennsluáætlanir að hausti hvers skólaárs.
Huga þarf að leiðum til að bæta árangur í íslensku og stærðfræði á unglingastigi.	Deildastjórar ásamt kennurum unnu að leiðum til að bæta námsárangur nemenda á unglingastigi. Unnið í samvinnu við forráðamenn.	Hófst vorið 2020 – lauk vorið 2021.	Skólastjórnendur og kennarar í íslensku og stærðfræði á unglingastigi.	Vor 2021 metið lokið en í stöðugri umræðu. Sjálfsmat skóla.	Rætt á kaffihúsafundi að vori með kennurum unglingastigs. Kennarar hafa unnið jafnt og þétt í teyrum að ýmsum breytingum til að efla námsárangur nemenda.
Huga þarf að fjölbreyttari kennsluháttum.	Unnið með kennurum að leiðum til að efla fjölbreytta kennsluhætti, erindi frá t.d. kennsluradgjof.is, leiðir ræddar á kaffihúsafundi að vori.	Hófst feb. 2020 – lauk vorið 2021.	Skólastjórnendur, kennarar, kennsluradgjof.is	Vor 2021 metið lokið. Mat á kennsluáætlunum.	Námskeið í upphafi skólaárs 2020 hjá Bergþóru Þórhallsdóttur, unnið í kennarateymum á skólaárinu. Sú vinna heldur áfram og í stöðugri þróun og umræðu.
Auka má samvinnu og samstarf nemenda.	Unnið með kennurum að leiðum til að efla fjölbreytta kennsluhætti, erindi frá t.d. kennsluradgjof.is, leiðir ræddar á kaffihúsafundi að vori.	Hófst feb. 2020 – lauk vorið 2021.	Skólastjórnendur, kennarar, kennsluradgjof.is	Vor 2021 metið lokið. Mat á kennsluáætlunum.	Námskeið í upphafi skólaárs 2020 hjá Bergþóru Þórhallsdóttur, unnið í kennarateymum á skólaárinu. Sú vinna heldur áfram og í stöðugri þróun og umræðu.

Gæta þarf að tími í list- og verkgreinum nái viðmiðum aðalnámskrár.	Var útfært við stundatöflugerð með breytingum	Hófst vorið 2020 – lokið haustið 2020	Skólastjórnendur	Haust 2020. Metið lokið.	Útfært í nýrri viðmiðunarstundatöflu sem tók gildi haust 2020
Gefa nemendum meira val um námsstíl.	Unnið með kennurum að leiðum til að efla fjölbreytta kennsluhætti, erindi frá t.d. kennsluradgjof.is, leiðir ræddar á kaffihúsafundi að vori.	Hófst feb. 2020 – lauk vor 2021.	Skólastjórnendur, kennarar, kennsluradgjof.is	Vor 2021. Metið lokið. Mat á kennsluáætlunum.	Námskeið frá Bergþóru Þórhallsdóttur kennsluráðgjafa, útfært frekar með kennarahópum á mismunandi stigum og heldur sú vinna áfram.
Skólahúsnæðið er orðið of lítið og er að hluta til hamlandi hvað varðar þróun kennsluhátta.	Erindi sent til bæjaryfirvalda um beiðni til stækkunar á skóla. Auk þess sem breytingar voru gerðar á tölvuveri skólans til að bæta við almennri kennslustofu.	Hófst vorið 2020 – lauk vorið 2022.	Skólastjóri og bæjaryfirvöld.	Hluta lauk haustið 2020 og endurhönnun á skrifstofu og starfsmannarými lauk í janúar 2022. Metið lokið.	Fengum lausar kennslustofur fyrir einn árgang, tölvustofa tekin undir almenna kennslu og keyptur fartölvuvagn og fleiri spjaldtölvur. Starfsmannarými endurbætt sem gefur betri rými fyrir teymisvinnu fagmanna.

Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst/áætluð lok	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig lok	Mat á umbótaáætlun
Svið III – Innra mat					
Útbúa langtímaáætlun fyrir innra mat og birta.	Langtímaáætlun til þriggja ára unnin út frá innra mati skólans.	Hófst vorið 2020 – lauk vorið 2023.	Skólastjórnendur	Vor 2023. Birt á heimasíðu með sjálfsmatsáætlun skólans. Metið lokið.	Hófst með sjálfsmatsvinnu vorið 2020, þriggja ára áætlun fyrir 2020-2023 birt á heimasíðu skólans.
Skipa innra mats teymi með þátttöku fulltrúa allra hagsmunaaðila	Þverfaglegt teymi skipað sem vinnur að innra mati.	Hófst haustið 2020 – lauk vorið 2021.	Skólastjórnendur	Vor 2021. Metið lokið.	Teymi innra mats skipað, komið í framkvæmd haustið 2021.
Virkja betur skólaráðið, við ákvarðanatöku um innra mat.	Matsteymi lagði tillögu innra mats undir skólaráð áður en það var birt.	Hófst haust 2020 – lokið haust 2021.	Skólastjórn, matsteymi og skólaráð.	Haust 2021. Metið lokið.	Vinna við innra mat kynnt skólaráði haustið 2020. Samráðsvinna hófst haustið 2020 og gengur vel og er komin í réttan farveg.
Setja fram á skýran hátt, hvernig markmið um árangur sem metinn er hefur náðst.	Útbúin matsáætlun sem matsteymið notar til að meta árangur.	Hefst vor 2020 – lokið vor 2021.	Skólastjórnendur og matsteymi innra mats.	Vor 2021. Metið lokið.	Sett inn í sjálfsmatsáætlun innra mats sem er unnin að vori.
Kynna niðurstöður kannana og innra mats fyrir nemendum.	Nemendaráð skólans virkjað í því að kynna fyrir samnemendum niðurstöður bæði kannana sem og innra mats.	Hefst haustið 2020 – lauk vorið 2021.	Stjórnendur og umsjónarmaður félagsstarfa.	Vor 2021. Metið lokið.	Unnið með umsjónarmanni félagsstarfa og kennurum um útfærslu á kynningu á niðurstöðum þeirra kannana sem lagðar eru fyrir nemendum.

Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst/áætluð lok	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig	Mat á umbótaáætlun
Svið IV – Nám án aðgreiningar					
Móta þarf og birta á heimasíðu starfsreglur um meðferð mála sem berast frá foreldrum, m.a. um verklag, samstarf og málshraða.	Útbúin var samskiptaáætlun þar sem tekið voru fyrir starfsreglur um samskipti.	Hófst vorið 2020 – lauk haustið 2020.	Aðstoðarskólastjóri	Vor 2021 Metið lokið.	Starfsreglur tilbúnar og birtar í starfsáætlun á heimasíðu skólans.
Gera þarf heildaráætlun um skipulag sértaks stuðnings	Haldnir voru þrjár samstarfsfundir milli sérkennara og umsjónar- og fagreinakennara þar sem farið var yfir skipulag stuðningsúrræða fyrir nemendur og áætlun unnin út frá þeim af verkefnisstjóra sérkennslu. Heildaráætlun unnin í upphafi skólaárs og metin í janúar og í lok skólaárs.	Hófst janúar 2020 – lauk vorið 2021.	Aðstoðarskólastjóri og verkefnisstjóri sérkennslu.	Vor 2021 Metið lokið.	Heildaráætlun unnin af sérkennurum í samráði við deildastjóra stoðþjónustu og deildarstjóra sérkennslumála hjá RNB.
Virkja foreldra og nemendur við gerð einstaklingsáætlana.	Kennarar taka nemendaviðtöl í upphafi skólaárs og fara yfir markmið þeirra í námi. Leitað er eftir samvinnu við foreldra í vinnu við einstaklingsáætlanir áður en þær eru lagðar fram til samþykktar.	Hófst haustið 2020 – lauk haustið 2021.	Stjórnendur, verkefnisstjóri sérkennslu og kennarar.	Vor 2021 Metið lokið	Foreldrar og nemendur hafðir með í ráðum við gerð einstaklingsáætlana og hvernig er unnið eftir þeim.

Gæta þarf þess að kennarar Aspar og grunnskólans beri sameiginlega ábyrgð á nemendum sem koma úr Ösp í kennslustund í heimabekk.	Umsjónakennarar og kennarar í Ösp funda í upphafi skólaárs og setja sér samskiptaáætlun fyrir skólaárið og fara yfir stundatöflur nemenda. List- og verk- og sérgreinakennarar funda með deildarstjóra í Ösp varðandi ábyrgð og samskipti.	Hófst haustið 2020 – í stöðugri þróun.	Deildarstjóri í Ösp, kennarar í Ösp og skóla.	Vor 2021. Metið lokið.	Metið á kaffihúsafundi að vori 2022 og skipulag næsta skólaárs sett fram.
Leitast við að veita sérkennslu og stuðning í meira mæli í námshópi nemenda.	Skipuleggja stuðningsúrræði nemenda þar sem því verður komið við að sá stuðningur fari meira fram í námshópi nemenda. Samstarf milli sérkennara, kennarar og stuðningsfulltrúa um að finna bestu leiðina fyrir hvern nemanda.	Hófst janúar 2020 – lauk vorið 2021.	Aðstoðarskólalastjóri, sérkennarar, kennarar og stuðningsfulltrúar.	Vor 2021 Metið lokið.	Vel á veg komið, unnið af sérkennurum námsvers í samvinnu við faggreina- og umsjónarkennara.
Leggja áherslu á samræðu og samstarf nemenda í námi.	Að hvetja kennara til að vera með fjölbreytta kennsluhætti og verkefni sem hvetja til samvinnu og samræðu. Einnig að kennarar horfi meira á markmið í námi og lykilhæfni nemenda.	Hófst vorið 2020 – lauk vorið 2021.	Stjórnendur og kennarar.	Vor 2021 Metið á kaffihúsafundi að vori. Metið lokið.	Mörg verkefni í kennslu sem hafa lagt áherslu á samræðu og samstarf nemenda í námi sbr. Áhugsviðsverkefni á miðstigi og íslenska á unglingsstigi.
Gæta þarf að því að stuðningur sé í öllum tilvikum markviss og nýtist nemendum.	Boðið var upp á fræðslu fyrir starfsmenn skóla sem sinna stuðningi til að efla þá í starfi og gera stuðning markvissari. Stuðningsfulltrúar fá tækifæri til að nýta undirbúningstíma í handleiðslu hjá stjórnendum og/eða sérkennurum.	Hófst janúar 2020 – lauk vorið 2021.	Stjórnendur og sérkennarar.	Vor 2021 Metið á kaffihúsafundi að vori. Metið lokið.	Útfært að mestu leyti, haldið áfram á næsta skólaári, metið í starfsmannaviðtölum og á kaffihúsafundi starfsmanna að vori.